

Sp.

254. Tillaga til þingsályktunar

um fjárframlag úr ríkissjóði og ríkisábyrgð á láni til þess að reisa nýjan stúdentagarð.

Flm.: Hermann Jónasson, Jakob Möller.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði á árinu 1942 allt að 150 þús. kr. til þess að reisa nýjan stúdentagarð í Reykjavík og að takast á hendur ábyrgð á allt að 150 þús. kr. láni í sama skyni.

Greinargerð.

Húsnæðismálum stúdenta, sem nám stunda í háskólanum, er, svo sem kunnugt er, í fullt óefni komið um sinn, og þykir ekki verða hjá því komizt, að ríkissjóður rétti hjálparhönd til þess að bæta úr því, svo sem lagt er til í tillögunni, og það því fremur, sem sýnt er, að reka muni að því áður en langir tímar líða, að auka þurfi við það húsnæði, sem stúdentar höfðu til afnota áður en til greina komu þær sérstöku ástæður, sem nú eru fyrir hendi.